

Félagsvísar: Lágtekjumörk og skortur á efnislegum gæðum á meðal barna á Íslandi

Social indicators: At-risk-of-poverty-rate and material deprivation among children in Iceland

Samantekt

Árið 2021 var hlutfall barna sem bjó á heimilum undir lágtekjumörkum hærra en hlutfall allra landsmanna eða 13,1% samanborið við 8,9%. Sama ár var hlutfall barna sem skorti efnisleg gæði 4,2% samanborið við 3,7% landsmanna. Hlutföll barna undir lágtekjumörkum og sem skortir efnisleg gæði hafa nánast alltaf verið hærri en sömu hlutföll á meðal allra landsmanna yfir tímabilið 2004-2021. Árið 2020 var Ísland með lægsta hlutfall barna sem skorti efnisleg gæði í Evrópu.

Yngri börn eru almennt líklegri til að búa á heimilum undir lágtekjumörkum en þröngur fjárhagur fjölskyldna með ung börn leiðir þó ekki endilega til skorts á efnislegum gæðum. Heimilisgerð hefur sterk tengsl við báðar mælingar en börn einstæðra foreldra eru mun líklegri til að búa á heimilum undir lágtekjumörkum og búa við skort á efnislegum gæðum. Árið 2021 bjuggu 22,6% barna einstæðra foreldra á heimilum undir lágtekjumörkum og 10,3% bjuggu við skort á efnislegum gæðum. Til samanburðar var hlutfall undir lágtekjumörkum 13,0% meðal barna á heimilum með tveimur fullorðnum og hlutfall sem skorti efnisleg gæði var 3,9%.

Árið 2021 var lágtekjuhlutfall barna sem bjuggu hjá foreldrum sem höfðu ekki háskólamenntun um tvöfalt hærra en hlutfall barna sem bjuggu hjá foreldrum með háskólamenntun eða 19,4% samanborið við 10,3%. Einnig er afgerandi munur á skorti á efnislegum gæðum en hlutfallið var 6,9% á meðal barna sem bjuggu hjá foreldrum sem voru ekki með háskólamenntun samanborið við 2,9% barna sem bjuggu hjá foreldrum með háskólamenntun.

Munur er á hópum þegar niðurstöður eru greindar eftir búsetu annars vegar og stöðu á húsnæðismarkaði hins vegar. Árið 2021 voru 12,2% barna á höfuðborgarsvæðinu undir lágtekjumörkum samanborið við 15,8% barna utan höfuðborgarsvæðisins og þá er hlutfall barna sem skortir efnisleg gæði margfalt hærra meðal barna sem búa utan höfuðborgarsvæðisins heldur en á meðal barna á höfuðborgarsvæðinu eða 8,6% samanborið við 1,9%.

Afgerandi munur er á mælingunum tveimur eftir því hvort börn búi á heimilum í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði. Árið 2021 voru 20,5% barna sem bjuggu á heimilum í leiguhúsnæði undir lágtekjumörkum samanborið við 12,3% barna á heimilum í eigin húsnæði. Hlutfall barna sem bjó við skort á efnislegum gæðum var 8,2% árið 2021 á meðal barna á heimilum í leiguhúsnæði en hlutfallið var 3,6% á meðal barna sem bjuggu á heimilum í eigin húsnæði.

Tölur árána 2019-2021 eru bráðabirgðatölur.

Inngangur

Í þessum Hagtiðindum verður varpað ljósi á fátækt barna á Íslandi. Hagstofa Íslands hefur áður birt upplýsingar um hlutfall barna sem búa á heimilum undir lágtekjumörkum (e. At-Risk-of-Poverty) og hlutfall þeirra sem búa á heimilum sem skortir efnisleg gæði (e. Material Deprivation), síðast í sérhefti um fjárhag heimila frá júní 2021. Í þessu hefti verður gerð grein fyrir ítarlegri greiningum á þessum mælingum og fleiri bakgrunnsbreytur teknar til greina; aldur barna, heimilisgerð, menntunarstig foreldra, búseta og staða á húsnæðismarkaði. Fjallað verður um börn 0-17 ára en þetta aldursbil tekur mið af því að samkvæmt íslenskum lögum verða börn sjálfráða við 18 ára aldur.

Niðurstöðurnar byggja á lífskjararannsókn Hagstofu Íslands. Gögnum er jafnan safnað frá febrúar og fram í maí ár hvert en tekjuupplýsingar byggjast á framtalsgögnum nýliðins árs. Úrtak rannsóknarinnar er fengið á þann hátt að einstaklingar eru valdir með slembni úr þjóðskrá og þar með heimilið sem þeir tilheyra. Sá einstaklingur sem er valinn í úrtakið kallast valinn svarandi og veitir hann upplýsingar um aðstæður heimilis, sínar eigin og allra annarra heimilismeðlima.

Lágtekjumörk

Lágtekjumörk er mæling á lífskjörum og byggja þau á 60% miðgildi ráðstöfunartekna heimila. Eurostat notar hugtakið „At-Risk-of-Poverty“ yfir þá sem eru undir lágtekjumörkum. Orðalagið endurspeglar það að ekki er sjálfgefið að þeir sem eru undir tilteknum tekjumörkum búi við fátækt eða skort en að hætta sé á því. Oft er talað um lágtekjuhlutfall en það er hlutfall þeirra sem eru undir lágtekjumörkum.

Til þess að reikna ráðstöfunartekjur heimila er byggt á neyslueiningum hvers heimilis fyrir sig. Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (e. Equivalised Disposable Income) eru skilgreindar sem ráðstöfunartekjur eftir að tillit hefur verið tekið til þess hversu margir þurfa að lifa á þeim. Neyslueining tekur mið af mismunandi stærðum heimila og að útgjöld aukast ekki alltaf í réttu hlutfalli við fjölda heimilismanna vegna stærðarhagkvæmni.

Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu eru þess vegna almennt lægri á heimilum þar sem einn fullorðinn býr en á heimilum þar sem fleiri fullorðnir búa saman. Til þess að vera með sambærilegar ráðstöfunartekjur á neyslueiningu þurfa einstæðir foreldrar að vera með hærri tekjur en barnlausir einstaklingar sem búa einir en þó er gert ráð fyrir því að útgjöld vegna barna séu lægri en útgjöld vegna fullorðinna.

Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu eru reiknaðar í þremur skrefum: Fyrsti fullorðni einstaklingurinn á heimilinu fær vogina 1,0, aðrir einstaklingar 14 ára og eldri fá vogina 0,5 og einstaklingar yngri en 14 ára fá vogina 0,3. Þannig hafa hjón með tvö börn, yngri en 14 ára, sem hafa 500 þúsund krónur í ráðstöfunartekjur alls á mánuði ($500 / (1 + 0,5 + 0,3 + 0,3) = 500 / 2,1 = 238$ þúsund krónur í ráðstöfunartekjur á neyslueiningu. Tveir fullorðnir með tvö börn þurfa semsagt 2,1 sinni hærri ráðstöfunartekjur en sá sem býr einn til þess að vera með sambærilegar ráðstöfunartekjur á neyslueiningu.

Skortur á efnislegum gæðum

Skortur á efnislegum gæðum¹ er annars konar mæling á lífskjörum og er þróuð af Eurostat. Hlutfall þeirra sem búa við skort á efnislegum gæðum er almennt lægra en lágtekjuhlutfallið en einhverjir eru undir lágtekjumörkum til styttri tíma án þess að það hafi áhrif á lífskjör þeirra til lengri tíma lítið.


Þeir sem teljast búa við skort á efnislegum gæðum búa á heimili þar sem að minnsta kosti þrennt af eftirfarandi á við:

¹ Brot er í tímaröð vegna orðalagsbreytinga árið 2016 í spurningunni um vikulangt frí sem hefur í för með sér að mælingarnar eru ekki sambærilegar á milli ára. Þrátt fyrir þessa orðalagsbreytingu verða allar mælingarnar birtar frá árinu 2008 en það er gert til þess að fá yfirgripsmikla mynd af tíðni skorts á efnislegum gæðum yfir allt tímabilið.

1. Heimilisfólk hefur lent í vanskilum húsnæðislána eða annarra lána vegna fjárskorts á síðastliðnum tólf mánuðum.
2. Heimilisfólk hefur ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldunni.
3. Heimilisfólk hefur ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag.
4. Heimilisfólk getur ekki mætt óvæntum útgjöldum.
5. Heimilisfólk hefur hvorki efni á heimasíma né farsíma.
6. Heimilisfólk hefur ekki efni á sjónvarpstæki.
7. Heimilisfólk hefur ekki efni á þvottavél.
8. Heimilisfólk hefur ekki efni á bíl.
9. Heimilisfólk hefur ekki efni á að halda húsnæði nægjanlega heitu.


1. Börn á heimilum undir lágtekjumörkum eða sem skortir efnisleg gæði

Mynd 1 sýnir þróun lágtekjuhluftalls á tímabilinu 2004-2021 og þróun hlutfalls þeirra sem skortir efnisleg gæði á tímabilinu 2008-2021. Brotnu línurnar sýna hlutfallið fyrir alla aldurshópa en óbrotnu línurnar sýna þróunina fyrir 17 ára og yngri. Á tímabilinu 2004-2021 hefur lágtekjuhluftallið nánast alltaf verið hærra á meðal barna en á meðal landsmanna allra en árið 2021 bjuggu 13,1% barna á heimilum undir lágtekjumörkum samanborið við 8,9% allra landsmanna. Hlutfall barna sem búa á heimilum undir lágtekjumörkum er svipað árin 2004 og 2021 en það hefur sveiflast aðeins á tímabilinu 2004-2021. Lágtekjuhluftall á meðal barna var lægst árið 2020, eða 10%, og hæst árið 2019, eða 14%. Á tímabilinu 2008-2021 var hlutfall barna sem skortir efnisleg gæði hæst árið 2011 eða 9,9%. Hlutfallið hefur farið lækkandi síðan þá og var 4,2% árið 2021 samanborið við 3,7% allra landsmanna. Hlutfall allra landsmanna sem skortir efnisleg gæði hefur að jafnaði verið lægra en hlutfall barna sem skortir efnisleg gæði á tímabilinu sem er hér til skoðunar.




2. Skortur á efnislegum gæðum í evrópsku samhengi

Mynd 2 hér að neðan sýnir hlutfall barna 0-17 ára sem bjuggu við skort á efnislegum gæðum í Evrópu árið 2020. Ísland kemur vel út í samanburði við önnur Evrópuríki og er með lágsta hlutfall barna sem búa við skort á efnislegum gæðum, eða 4,6%, og er það langt undir meðaltali ríkja Evrópusambandsins sem er 14,7%. Þau lönd sem komast næst Íslandi eru Noregur, Holland, Pólland, Slóvenía og Sviss og er hlutfallið í þessum löndum á bilinu 5,3% til 6,4%. Þau lönd sem eru með hæsta hlutfall barna sem skortir efnisleg gæði eru Norður-Makedónía, Tyrkland og Albanía með hlutfall á bilinu 44,1% til 51,5%.




3. Börn á heimilum undir lágtekjumörkum eða sem skortir efnisleg gæði eftir aldri

Hlutfall barna sem býr á heimilum undir lágtekjumörkum er breytilegt eftir aldri barna enda eiga yngri börn að jafnaði yngri foreldra sem hafa að jafnaði lægri tekjur. Á mynd 3 sést samanburður á hlutfalli barna undir lágtekjumörkum eftir aldursbilunum 0-5 ára, 6-11 ára og 12-17 ára. Árin 2004 til 2020 var lágtekjuhluftallið að jafnaði hæst í yngsta aldurshópnum en var hæst hjá 6-11 ára börnum árið 2021, eða 14,7%, samanborið við 13,4% barna á aldrinum 0-5 ára og 11,5% barna á aldrinum 12-17 ára.



Mynd 4 sýnir samband aldurs barna við skort á efnislegum gæðum. Misjafnt er í hvaða aldurshópnum hlutfallið mælist hæst eða lægst en síðustu tvö ár hefur hlutfall barna 0-5 ára og 6-11 ára verið svipað og aðeins hærra en í aldurshópnum 12-17 ára. Árið 2021 var hlutfall 0-5 ára barna sem skorti efnisleg gæði 5,0% samanborið við 4,9% á meðal 6-11 ára barna og 3,0% á meðal 12-17 ára barna.


Sambandið á milli aldurs barna, lágtekjuhluftalls og skorts á efnislegum gæðum bendir til þess að þröngur fjárhagur hjá fjölskyldum ungra barna leiði ekki endilega til skorts á efnislegum gæðum. Fjölskyldur með ung börn geta notið stuðnings frá stórfjölskyldunni og brúa jafnvel bilið með lánum eða mæta þröngri fjárhag með aukinni ráðdeild.



4. Börn á heimilum undir lágtekjumörkum eða sem skortir efnisleg gæði eftir heimilisgerð

Lífskjör barna geta að hluta til ráðist af gerð heimilis sem þau búa á. Tekjur og útgjöld heimila eru mismunandi eftir samsetningu fjölskyldna en sem dæmi hafa heimili einstæðra foreldra aðeins eina fyrirvinnu og því lægri tekjur almennt. Á mynd 5 eru tvær heimilisgerðir bornar saman; heimili þar sem einn fullorðinn býr ásamt einu eða fleiri börnum og heimili þar sem tveir fullorðnir búa ásamt einu eða fleiri börnum. Fyrri heimilisgerðina má líta á sem heimili einstæðra foreldra.

Börn einstæðra foreldra eru mun líklegri til þess að búa á heimilum undir lágtekjumörkum og búa við skort á efnislegum gæðum heldur en börn sem búa með tveimur fullorðnum. Árið 2021 bjuggu 22,6% barna einstæðra foreldra á heimilum undir lágtekjumörkum og 10,3% bjuggu við skort á efnislegum gæðum. Til samanburðar var hlutfall undir lágtekjumörkum 13,0% á meðal barna á heimilum með tveimur fullorðnum og hlutfall sem skorti efnisleg gæði var 3,9%.




5. Börn á heimilum undir lágtekjumörkum eða sem skortir efnisleg gæði eftir menntun foreldra

Mynd 6 sýnir sambandið á milli menntunarstigs foreldra og hlutfalls barna sem býr á heimilum sem eru undir lágtekjumörkum eða sem skortir efnisleg gæði. Menntunarstig er skilgreint samkvæmt alþjóðlegu flokkunarkerfi menntunarstigs ISCED2011 þar sem grunn-, framhalds- og starfsmenntun eru ISCED 1-4 og háskólamenntun ISCED 5-6. Menntunarstig foreldra barna með tvo foreldra á heimili er skilgreint út frá því foreldri sem hefur lokið meira námi.

Ljóst er að menntunarstig foreldra hefur töluverð áhrif á tekjur heimilis en á tímabilinu 2004 til 2021 var hlutfall barna undir lágtekjumörkum töluvert lægra á meðal barna sem bjuggu hjá foreldri með háskólamenntun heldur en á meðal barna sem bjuggu hjá foreldrum með minni menntun með einni undantekningu árið 2020. Árið 2021 var lágtekjuhlutfall barna sem bjuggu hjá foreldrum sem höfðu ekki háskólamenntun um tvöfalt hærra en hlutfall barna sem bjuggu hjá foreldri með háskólamenntun eða 19,4% samanborið við 10,3%. Einnig er afgerandi munur á skorti á efnislegum gæðum en hlutfallið var 6,9% á meðal barna sem bjuggu hjá foreldrum sem voru ekki með háskólamenntun samanborið við 2,9% barna sem bjuggu hjá foreldri með háskólamenntun.

MYND 6

Hlutfall barna sem býr á heimilum undir lágtekjumörkum eða sem skortir efnisleg gæði eftir menntun foreldra 2004-2021




Hagstofa Íslands

6. Börn á heimilum undir lágtekjumörkum eða sem skortir efnisleg gæði eftir búsetu

Mynd 7 sýnir sambandið á milli búsetu og hlutfalls barna sem býr á heimilum undir lágtekjumörkum eða sem skortir efnisleg gæði. Síðustu ár hefur verið mismunandi hvort börn á höfuðborgarsvæðinu eða utan höfuðborgarsvæðisins séu líklegri til þess að búa á heimilum undir lágtekjumörkum en árið 2021 voru 12,2% barna á höfuðborgarsvæðinu undir lágtekjumörkum samanborið við 15,8% barna utan þess. Lágtekjuhluftfall á meðal barna utan höfuðborgarsvæðisins hefur ekki verið hærra síðan árið 2010. Þegar horft er til skorts á efnislegum gæðum sést að hlutfallið er margfalt hærra á meðal barna sem búa utan höfuðborgarsvæðisins heldur en á meðal barna á höfuðborgarsvæðinu árið 2021 eða 8,6% samanborið við 1,9%.

MYND 7

Hlutfall barna sem býr á heimilum undir lágtekjumörkum eða sem skortir efnisleg gæði eftir búsetu 2004-2021




Hagstofa Íslands

7. Börn á heimilum undir lágtekjumörkum eða sem skortir efnisleg gæði eftir stöðu á húsnæðismarkaði

Staða á húsnæðismarkaði veitir mikilvægar upplýsingar um félagslega velferð heimila. Í þessari greiningu er stöðu á húsnæðismarkaði skipt í tvennt: Eigendur og leigjendur. Teljast þeir eigendur sem búa í eigin húsnæði, með eða án húsnæðisláns, en til leigjenda heyra þeir sem leigja húsnæði sitt á almennum markaði og þeir sem leigja húsnæði sitt undir markaðsverði í gegnum tiltekin húsnæðisúrræði. Fólk sem býr gjaldfrjálst í húsnæði sem ekki er þeirra eigið fellur líka undir hóp leigjenda í þessu tilviki.

Afgerandi munur er á mælingunum tveimur eftir því hvort börn búi á heimilum í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði og á þetta við um allt tímabilið frá árinu 2004 til 2021. Á tímabilinu hefur lágtekjuhluftall á meðal barna sem búa í leiguhúsnæði verið á bilinu 19,3% til 28,5% og var hlutfallið 20,5% árið 2021. Lágtekjuhluftall á meðal barna sem búa á heimilum í eigin húsnæði var 12,3% árið 2021 og er það hæsta mæling frá árinu 2004 en hlutfallið var lægst árið 2012 eða 5,6%. Hlutfall barna sem bjuggu við skort á efnislegum gæðum var 3,6% árið 2021 á meðal barna á heimilum í leiguhúsnæði samanborið við 8,2% á meðal barna sem bjuggu á heimilum í eigin húsnæði.



English summary






In 2021, 13.1% of children in Iceland were at risk of poverty compared with 8.9% of the entire population. In the same year, the material deprivation rate was 4.2% among children and 3.7% among the entire population. The at risk of poverty rate and the material deprivation rate have almost always been higher for children than among all citizens over the period 2004-2021. In 2020, children in Iceland had the lowest material deprivation rate in Europe.




Younger children are generally more likely to live in households below the at risk of poverty limit, but having young children doesn't seem to lead to material deprivation. However, household type does seem to be a strong indicator for both measures. Children in single-parent households are much more likely to be at risk of poverty and to be materially deprived than children in households with two adults. In 2021, 22.6% of children in single-parent households were at risk of poverty and 10.3% were materially deprived. In comparison, 13.0% of children living in households with two adults were at risk and 3.9% were materially deprived.

In 2021, the at risk of poverty rate was about twice as high for children living with parents without college education compared with children living with parents with a college education, or 19.4% compared with 10.3%. There's also a profound difference in the material deprivation rate between the two groups, where 6.9% of children living with parents without college education were materially deprived compared with 2.9% of children living with parents with a college education.

Housing tenure status and degree of urbanization were strong indicators for both measures. In 2021, the at risk of poverty rate was 12.2% for children living in the Capital region compared with 15.8% of children living outside the Capital region while 1.9% of children living in the Capital region were materially deprived compared with 8.6% of children living outside the Capital region. In 2021, 20.5% of children living in rented accommodations were at risk of poverty compared with 12.3% of children living in owner-occupied households, and 8.2% of children living in rented accommodations were materially deprived compared with 3.6% of children living in owner-occupied households.

All figures for 2019-2021 are preliminary.





Hagtíðindi Lífskjör

Statistical Series *Living conditions*

107 árg. ♦ 6. tbl. 12. september 2022

ISSN 1670-4770 Umsjón *Supervision*

Þórdís Birna Borgarsdóttir ♦ thordis.b.borgarsdottir@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* ♦ Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is ♦ www.sta.ice.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.